**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/1435** **2023/EES/79/23**

**frá 26. ágúst 2022**

**um breytingu á II. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir kalsíumkarbónat, koltvísýring, sýpródiníl og kalíumbíkarbónat í eða á tilteknum afurðum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir sýpródiníl. Kalsíumkarbónat, koltvísýringur og kalíumbíkarbónat eru skráð í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

2) Hinn 14. desember 2021 samþykkti Alþjóðamatvælaskrárráðið ný CXL-hámarksgildi fyrir sýpródiníl í sojabaunum ([2]).

3) Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([3]) skal taka mið af alþjóðlegum stöðlum, ef þeir eru fyrir hendi eða í þann veginn að verða tilbúnir, við gerð eða aðlögun laga um matvæli nema þessir staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu ófullnægjandi eða óheppileg tæki til að ná þeim lögmætu markmiðum sem stefnt er að í lögum um matvæli eða vísindaleg rök hnígi gegn því eða þeir myndu leiða til verndar á öðru stigi en álitið er við hæfi í Sambandinu. Enn fremur, í samræmi við e-lið 13. gr. þeirrar reglugerðar, skal Sambandið stuðla að samkvæmni milli alþjóðlegra tæknistaðla og laga um matvæli en tryggja um leið að ekki verði slakað á þeirri víðtæku vernd sem samþykkt hefur verið í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 224, 30.8.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Skýrsla um 44. fund Alþjóðamatvælaskrárráðsins (REP21/CAC) https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-701-44%252FFINAL%252520REPORT%252FRep21_CACe.pdf.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á tillögð CXL-hámarksgildi fyrir sýpródiníl í sojabaunum og komst að þeirri niðurstöðu að það væri öruggt fyrir neytendur í Sambandinu (4) og Sambandið lagði ekki fram fyrirvara (5) (6) um þetta tillagða CXL-hámarksgildi hjá nefnd Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar.

5) Því er viðeigandi að færa þetta CXL-hámarksgildi á skrá í reglugerð (EB) nr. 396/2005 sem hámarksgildi leifa.

6) Kalsíumkarbónat, koltvísýringur og kalíumbíkarbónat voru færð tímabundið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 meðan beðið var eftir því að lokið yrði við mat á þeim, annaðhvort samkvæmt tilskipun ráðsins 91/414/EBE (7) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (8), og meðan beðið var eftir endurskoðun á þeim skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Í tengslum við umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 gaf Matvælaöryggisstofnunin út niðurstöður um ritrýni á áhættumati á varnarefnum fyrir kalsíumkarbónat (9), koltvísýring (10) og kalíumbíkarbónat (11). Á grundvelli fyrrnefndra niðurstaða Matvælaöryggisstofnunarinnar er engra hámarksgilda krafist fyrir kalsíumkarbónat, koltvísýring og kalíumbíkarbónat. Því er rétt að þessi efni verði áfram á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 (12).

7) Á grundvelli vísindaskýrslunnar og niðurstaðna Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB)
nr. 396/2005.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

(4) „Scientific support for preparing an EU position in the 52nd Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6766.

(5) Athugasemdir Evrópusambandsins varðandi Codex CX/PR 21/52/5(REV): https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-52%252FCRDs%252Fpr52_CRD22x.pdf

(6) Skýrsla frá 51. fundi nefndar Alþjóðamatvælaskrárráðsins um varnarefnaleifar REP21/PR: https://www.fao.org/fao-who-codexalimentarius/sh-proxy/en/?lnk=1&url=https%253A%252F%252Fworkspace.fao.org%252Fsites%252Fcodex%252FMeetings%252FCX-718-52%252FREPORT%252FFINAL%2BREPORT%252FREP21_PR52e.pdf

(7) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(8) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

(9) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2021. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance calcium carbonate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(4), 6500.

(10) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2021. „Conclusions on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance carbon dioxide.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(6), 6605.

(11) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2021. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance potassium hydrogen carbonate.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(5), 6593.

(12) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2022. „Statement on pesticide active substances that do not require a review of the existing maximum residue levels under Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2022 20(01), 7061.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. ágúst 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

*VIÐAUKI*

Ákvæðum II. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálksins fyrir sýpródiníl í II. viðauka kemur eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI*

*Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)*

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a]) | Sýpródiníl (R) (F) |
|---|---|---|
| 0100000 | **NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR** | |
| 0110000 | **Sítrusávextir** | 0,02 (*) |
| 0110010 | Greipaldin | |
| 0110020 | Appelsínur | |
| 0110030 | Sítrónur | |
| 0110040 | Súraldin | |
| 0110050 | Mandarínur | |
| 0110990 | Annað (2) | |
| 0120000 | **Trjáhnetur** | |
| 0120010 | Möndlur | 0,02 (*) (+) |
| 0120020 | Parahnetur | 0,04 |
| 0120030 | Kasúhnetur | 0,04 |
| 0120040 | Kastaníuhnetur | 0,04 |
| 0120050 | Kókoshnetur | 0,04 |
| 0120060 | Heslihnetur | 0,04 |
| 0120070 | Goðahnetur | 0,04 |
| 0120080 | Pekanhnetur | 0,04 |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar | 0,04 |
| 0120100 | Pistasíuhnetur | 0,02 (*) |
| 0120110 | Valhnetur | 0,04 |
| 0120990 | Annað (2) | 0,04 |
| 0130000 | **Kjarnaávextir** | 2 |
| 0130010 | Epli | |
| 0130020 | Perur | |
| 0130030 | Kveði | |
| 0130040 | Trjámispilsaldin | |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur | |
| 0130990 | Annað (2) | |

| | | |
|---|---|---|
| 0140000 | **Steinaldin** | 2 |
| 0140010 | Apríkósur | |
| 0140020 | Kirsuber (sæt) | |
| 0140030 | Ferskjur | |
| 0140040 | Plómur | |
| 0140990 | Annað (2) | |
| 0150000 | **Ber og smá aldin** | |
| 0151000 | **a) Þrúgur** | 3 |
| 0151010 | Vínber til neyslu | |
| 0151020 | Vínþrúgur | |
| 0152000 | **b) Jarðarber** | 5 |
| 0153000 | **c) Klungurber** | |
| 0153010 | Brómber | 3 |
| 0153020 | Daggarber | 0,02 (*) |
| 0153030 | Hindber (rauð og gul) | 3 |
| 0153990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0154000 | **d) Önnur smá aldin og ber** | |
| 0154010 | Aðalbláber | 8 |
| 0154020 | Trönuber | 8 |
| 0154030 | Rifsber (rauð og hvít) og sólber | 8 |
| 0154040 | Stikilsber (græn, rauð og gul) | 8 |
| 0154050 | Rósaldin | 3 |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít) | 3 |
| 0154070 | Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin | 3 |
| 0154080 | Ylliber | 3 |
| 0154990 | Annað (2) | 3 |
| 0160000 | **Ýmis aldin með** | |
| 0161000 | **a) Ætu hýði** | |
| 0161010 | Döðlur | 0,02 (*) |
| 0161020 | Fíkjur | 0,02 (*) |
| 0161030 | Ólífur til átu | 0,02 (*) |
| 0161040 | Gullappelsínur | 0,02 (*) |
| 0161050 | Stjörnualdin | 0,02 (*) |
| 0161060 | Gallaldin | 2 |
| 0161070 | Jövuplómur | 0,02 (*) |
| 0161990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0162000 | **b) Óætu hýði, lítil** | 0,02 (*) |
| 0162010 | Kíví (græn, rauð, gul) | |
| 0162020 | Litkaber | |
| 0162030 | Píslaraldin | |

| | | |
|---|---|---|
| 0162040 | Kaktusfíkjur | |
| 0162050 | Stjörnuepli | |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí | |
| 0162990 | Annað (2) | |
| 0163000 | **c) Óætu hýði, stór** | |
| 0163010 | Lárperur | 1 |
| 0163020 | Bananar | 0,02 (*) |
| 0163030 | Mangó | 0,02 (*) |
| 0163040 | Papæjualdin | 0,02 (*) |
| 0163050 | Granatepli | 5 |
| 0163060 | Morgunberkjur | 0,02 (*) |
| 0163070 | Gvövur | 1,5 |
| 0163080 | Ananas | 0,02 (*) |
| 0163090 | Brauðaldin | 0,02 (*) |
| 0163100 | Dáraaldin | 0,02 (*) |
| 0163110 | Nónberkjur | 0,02 (*) |
| 0163990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0200000 | **NÝTT eða FRYST GRÆNMETI** | |
| 0210000 | **Rótar- og hnýðisgrænmeti** | |
| 0211000 | **a) Kartöflur** | 0,02 (*) |
| 0212000 | **b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti** | 0,02 (*) |
| 0212010 | Kassavarætur | |
| 0212020 | Sætar kartöflur | |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði | |
| 0212040 | Örvarrætur | |
| 0212990 | Annað (2) | |
| 0213000 | **c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum** | |
| 0213010 | Rauðrófur | 1,5 |
| 0213020 | Gulrætur | 1,5 |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí | 0,3 |
| 0213040 | Piparrót | 1,5 |
| 0213050 | Ætihnúðar | 0,02 (*) |
| 0213060 | Nípur | 1,5 |
| 0213070 | Steinseljurætur | 1,5 |
| 0213080 | Hreðkur | 0,3 |
| 0213090 | Hafursrætur | 1,5 |
| 0213100 | Gulrófur | 0,02 (*) |
| 0213110 | Næpur | 0,02 (*) |
| 0213990 | Annað (2) | 0,02 (*) |

| | | |
|---|---|---|
| 0220000 | **Laukar** | |
| 0220010 | Hvítlaukur | 0,07 |
| 0220020 | Laukar | 0,3 |
| 0220030 | Skalottlaukar | 0,07 |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar | 0,8 |
| 0220990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0230000 | **Aldingrænmeti** | |
| 0231000 | **a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt** | |
| 0231010 | Tómatar | 1,5 |
| 0231020 | Paprikur | 1,5 |
| 0231030 | Eggaldin | 1,5 |
| 0231040 | Okrur | 0,02 (*) |
| 0231990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0232000 | **b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði** | 0,5 |
| 0232010 | Gúrkur | |
| 0232020 | Smágúrkur | |
| 0232030 | Dvergbítar | |
| 0232990 | Annað (2) | |
| 0233000 | **c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði** | 0,6 |
| 0233010 | Melónur | |
| 0233020 | Risagrasker | |
| 0233030 | Vatnsmelónur | |
| 0233990 | Annað (2) | |
| 0234000 | **d) Sykurmaís** | 0,02 (*) |
| 0239000 | **e) Annað aldingrænmeti** | 0,02 (*) |
| 0240000 | **Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)** | |
| 0241000 | **a) Blómstrandi kál** | 2 |
| 0241010 | Spergilkál | |
| 0241020 | Blómkál | |
| 0241990 | Annað (2) | |
| 0242000 | **b) Kálhöfuð** | |
| 0242010 | Rósakál | 0,02 (*) |
| 0242020 | Höfuðkál | 0,7 |
| 0242990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0243000 | **c) Blaðkál** | 0,02 (*) |
| 0243010 | Kínakál | |
| 0243020 | Grænkál | |
| 0243990 | Annað (2) | |

| | | |
|---|---|---|
| 0244000 | **d) Hnúðkál** | 0,02 (*) |
| 0250000 | **Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm** | |
| 0251000 | **a) Salat og salatplöntur** | 15 |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða | |
| 0251020 | Salat | |
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar | |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírur og sprotar | |
| 0251050 | Vetrarkarsi | |
| 0251060 | Klettasalat | |
| 0251070 | Sinnepskál | |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*) | |
| 0251990 | Annað (2) | |
| 0252000 | **b) Spínat og áþekk blöð** | 15 |
| 0252010 | Spínat | |
| 0252020 | Súpugull | |
| 0252030 | Blaðbeðjur | |
| 0252990 | Annað (2) | |
| 0253000 | **c) Vínviðarlauf og áþekkar tegundir** | 0,02 (*) |
| 0254000 | **d) Brunnperla** | 0,02 (*) |
| 0255000 | **e) Jólasalat/salatfíflar** | 0,06 |
| 0256000 | **f) Kryddjurtir og æt blóm** | 40 |
| 0256010 | Kerfill | |
| 0256020 | Graslaukur | |
| 0256030 | Blöð af sellerí | |
| 0256040 | Steinselja | |
| 0256050 | Salvía | |
| 0256060 | Rósmarín | |
| 0256070 | Garðablóðberg | |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm | |
| 0256090 | Lárviðarlauf | |
| 0256100 | Fáfnisgras | |
| 0256990 | Annað (2) | |
| 0260000 | **Belgávextir** | |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg) | 2 |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs) | 0,08 |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg) | 2 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs) | 0,08 |
| 0260050 | Linsubaunir | 0,2 |
| 0260990 | Annað (2) | 0,02 (*) |

| | | |
|---|---|---|
| 0270000 | **Stöngulgrænmeti** | |
| 0270010 | Sperglar | 0,02 (*) |
| 0270020 | Salatþistlar | 0,02 (*) |
| 0270030 | Sellerí | 30 |
| 0270040 | Hnúðfenníkur | 4 |
| 0270050 | Ætiþistlar | 4 |
| 0270060 | Blaðlaukar | 0,02 (*) |
| 0270070 | Rabarbarar | 2 |
| 0270080 | Bambussprotar | 0,02 (*) |
| 0270090 | Pálmakjarnar | 0,02 (*) |
| 0270990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0280000 | **Sveppir, mosar og fléttur** | 0,02 (*) |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir | |
| 0280020 | Villtir sveppir | |
| 0280990 | Mosar og fléttur | |
| 0290000 | **Þörungar og dreifkjörnungslífverur** | 0,02 (*) |
| 0300000 | **BELGÁVEXTIR** | |
| 0300010 | Baunir | 0,2 |
| 0300020 | Linsubaunir | 0,02 (*) |
| 0300030 | Ertur | 0,1 |
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir | 0,1 |
| 0300990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0400000 | **OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN** | |
| 0401000 | **Olíufræ** | |
| 0401010 | Hörfræ | 0,02 (*) |
| 0401020 | Jarðhnetur | 0,02 (*) |
| 0401030 | Valmúafræ | 0,02 (*) |
| 0401040 | Sesamfræ | 0,02 (*) |
| 0401050 | Sólblómafræ | 0,02 (*) |
| 0401060 | Repjufræ | 0,02 |
| 0401070 | Sojabaunir | **0,3** |
| 0401080 | Mustarðsfræ | 0,02 (*) |
| 0401090 | Baðmullarfræ | 0,02 (*) |
| 0401100 | Risagraskersfræ | 0,02 (*) |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ | 0,02 (*) |
| 0401120 | Hjólkrónufræ | 0,02 (*) |
| 0401130 | Akurdoðrufræ | 0,02 (*) |
| 0401140 | Hampfræ | 0,02 (*) |

| | | |
|---|---|---|
| 0401150 | Kristpálmafræ | 0,02 (*) |
| 0401990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0402000 | **Olíurík aldin** | 0,02 (*) |
| 0402010 | Ólífur til olíuframleiðslu | |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar | |
| 0402030 | Olíupálmaaldin | |
| 0402040 | Dúnviðaraldin | |
| 0402990 | Annað (2) | |
| 0500000 | **KORNVÖRUR** | |
| 0500010 | Bygg | 4 |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir | 0,02 (*) |
| 0500030 | Maís | 0,02 (*) |
| 0500040 | Hirsi | 0,02 (*) |
| 0500050 | Hafrar | 4 |
| 0500060 | Hrísgrjón | 0,02 (*) |
| 0500070 | Rúgur | 0,5 |
| 0500080 | Dúrra | 0,02 (*) |
| 0500090 | Hveiti | 0,5 |
| 0500990 | Annað (2) | 0,02 (*) |
| 0600000 | **TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ** | |
| 0610000 | **Te** | 0,1 (*) |
| 0620000 | **Kaffibaunir** | 0,1 (*) |
| 0630000 | **Jurtate úr** | |
| 0631000 | **a) Blómum** | 0,1 (*) |
| 0631010 | Gæsajurt | |
| 0631020 | Læknakólfur | |
| 0631030 | Rósir | |
| 0631040 | Jasmína | |
| 0631050 | Lindiblóm | |
| 0631990 | Annað (2) | |
| 0632000 | **b) Blöðum og kryddjurtum** | 0,1 (*) |
| 0632010 | Jarðarber | |
| 0632020 | Rauðrunnalauf | |
| 0632030 | Indíánaþyrnislauf | |
| 0632990 | Annað (2) | |
| 0633000 | **c) Rótum** | 1,5 (+) |
| 0633010 | Garðabrúða | (+) |

| | | |
|---|---|---|
| 0633020 | Ginseng | (+) |
| 0633990 | Annað (2) | (+) |
| 0639000 | **d) Öðrum plöntuhlutum** | 0,1 (*) |
| 0640000 | **Kakóbaunir** | 0,1 (*) |
| 0650000 | **Jóhannesarbrauð** | 0,1 (*) |
| 0700000 | **HUMLAR** | 0,1 (*) |
| 0800000 | **KRYDD** | |
| 0810000 | **Krydd úr fræjum** | 0,1 (*) |
| 0810010 | Anís/anísfræ | |
| 0810020 | Ilmfrú | |
| 0810030 | Sellerí | |
| 0810040 | Kóríander | |
| 0810050 | Kúmín | |
| 0810060 | Dill | |
| 0810070 | Fenníkur | |
| 0810080 | Grikkjasmári | |
| 0810090 | Múskat | |
| 0810990 | Annað (2) | |
| 0820000 | **Aldinkrydd** | 0,1 (*) |
| 0820010 | Allrahanda | |
| 0820020 | Kínapipar | |
| 0820030 | Kúmen | |
| 0820040 | Kardimommur | |
| 0820050 | Einiber | |
| 0820060 | Pipar (svartur, grænn og hvítur) | |
| 0820070 | Vanilla | |
| 0820080 | Tamarind | |
| 0820990 | Annað (2) | |
| 0830000 | **Barkarkrydd** | 0,1 (*) |
| 0830010 | Kanill | |
| 0830990 | Annað (2) | |
| 0840000 | **Krydd úr rótum og jarðstönglum** | |
| 0840010 | Lakkrís | 1,5 (+) |
| 0840020 | Engifer (10) | |
| 0840030 | Túrmerik/gullinrót | 1,5 (+) |
| 0840040 | Piparrót (11) | |
| 0840990 | Annað (2) | 1,5 (+) |

| | | |
|---|---|---|
| 0850000 | **Blómhnappakrydd** | 0,1 (*) |
| 0850010 | Negull | |
| 0850020 | Kapers | |
| 0850990 | Annað (2) | |
| 0860000 | **Frævukrydd** | 0,1 (*) |
| 0860010 | Saffran | |
| 0860990 | Annað (2) | |
| 0870000 | **Frækápukrydd** | 0,1 (*) |
| 0870010 | Múskatblóm | |
| 0870990 | Annað (2) | |
| 0900000 | **SYKURPLÖNTUR** | 0,02 (*) |
| 0900010 | Sykurrófurætur | |
| 0900020 | Sykurreyr | |
| 0900030 | Kaffifífilsrætur | |
| 0900990 | Annað (2) | |
| 1000000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR** | |
| 1010000 | **Vörur úr** | (+) |
| 1011000 | **a) Svínum** | 0,02 (*) (+) |
| 1011010 | Vöðvi | (+) |
| 1011020 | Fita | (+) |
| 1011030 | Lifur | (+) |
| 1011040 | Nýru | (+) |
| 1011050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | (+) |
| 1011990 | Annað (2) | (+) |
| 1012000 | **b) Nautgripum** | |
| 1012010 | Vöðvi | 0,02 (*) (+) |
| 1012020 | Fita | 0,02 (*) (+) |
| 1012030 | Lifur | 0,05(+) |
| 1012040 | Nýru | 0,05(+) |
| 1012050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) (+) |
| 1012990 | Annað (2) | 0,02 (*) (+) |
| 1013000 | **c) Sauðfé** | |
| 1013010 | Vöðvi | 0,02 (*) (+) |
| 1013020 | Fita | 0,02 (*) (+) |
| 1013030 | Lifur | 0,05 (+) |
| 1013040 | Nýru | 0,05 (+) |
| 1013050 | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) (+) |
| 1013990 | Annað (2) | 0,02 (*) (+) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1014000 | **d)** | **Geitum** | |
| 1014010 | | Vöðvi | 0,02 (*) (+) |
| 1014020 | | Fita | 0,02 (*) (+) |
| 1014030 | | Lifur | 0,05 (+) |
| 1014040 | | Nýru | 0,05 (+) |
| 1014050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) (+) |
| 1014990 | | Annað (2) | 0,02 (*) (+) |
| 1015000 | **e)** | **Hestum** | |
| 1015010 | | Vöðvi | 0,02 (*) (+) |
| 1015020 | | Fita | 0,02 (*) (+) |
| 1015030 | | Lifur | 0,05(+) |
| 1015040 | | Nýru | 0,05(+) |
| 1015050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) (+) |
| 1015990 | | Annað (2) | 0,02 (*) (+) |
| 1016000 | **f)** | **Alifuglum** | 0,02 (*) (+) |
| 1016010 | | Vöðvi | (+) |
| 1016020 | | Fita | (+) |
| 1016030 | | Lifur | (+) |
| 1016040 | | Nýru | |
| 1016050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | (+) |
| 1016990 | | Annað (2) | (+) |
| 1017000 | **g)** | **Öðrum öldum landdýrum** | |
| 1017010 | | Vöðvi | 0,02 (*) (+) |
| 1017020 | | Fita | 0,02 (*) (+) |
| 1017030 | | Lifur | 0,05 (+) |
| 1017040 | | Nýru | 0,05 (+) |
| 1017050 | | Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru) | 0,02 (*) (+) |
| 1017990 | | Annað (2) | 0,02 (*) (+) |
| 1020000 | **Mjólk** | | 0,02 (*) (+) |
| 1020010 | | Nautgripir | (+) |
| 1020020 | | Sauðfé | (+) |
| 1020030 | | Geitur | (+) |
| 1020040 | | Hestar | |
| 1020990 | | Annað (2) | |
| 1030000 | **Fuglsegg** | | 0,02 (*) (+) |
| 1030010 | | Hænsni | (+) |
| 1030020 | | Endur | (+) |
| 1030030 | | Gæsir | (+) |

| | | |
|---|---|---|
| 1030040 | Kornhænur | (+) |
| 1030990 | Annað (2) | (+) |
| 1040000 | **Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)** | 0,05 (*) |
| 1050000 | **Froskdýr og skriðdýr** | 0,02 (*) |
| 1060000 | **Landhryggleysingjar** | 0,02 (*) |
| 1070000 | **Villt landhryggdýr** | 0,02 (*) |
| 1100000 | **AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)** | |
| 1200000 | **AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU NOTAÐIR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)** | |
| 1300000 | **UNNIN MATVÆLI (9)** | |

(*) Neðri greiningarmörk
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

**Sýpródiníl (R) (F)**

(R) Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:
Sýpródiníl — kóði 1000000 að undanskildum 1020000, 1040000: Sýpródiníl (summa sýpródiníls og CGA 304075 (óbundið), gefið upp sem sýpródiníl)
Sýpródiníl — 1020000: Sýpródiníl (summa sýpródiníls og CGA 304075 (óbundið og tilsvarandi afleiða), gefið upp sem sýpródiníl)
(F) Fituleysanlegt
Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningar- og/eða staðfestingaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 14. mars 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

**0120010 Möndlur**
**0633000 c) Rætur**
**0633010 Garðabrúða**
**0633020 Ginseng**
**0633990 Annað (2)**
**0840010 Lakkrís**
**0840030 Túrmerik/gullinrót**
**0840990 Annað (2)**
**1000000 AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**
**1010000 Vörur úr**
**1011000 a) Svínum**
**1011010 Vöðvi**
**1011020 Fita**
**1011030 Lifur**
**1011040 Nýru**
**1011050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1011990 Annað (2)**
**1012000 b) Nautgripum**
**1012010 Vöðvi**
**1012020 Fita**
**1012030 Lifur**
**1012040 Nýru**
**1012050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1012990 Annað (2)**
**1013000 c) Sauðfé**
**1013010 Vöðvi**
**1013020 Fita**
**1013030 Lifur**
**1013040 Nýru**
**1013050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1013990 Annað (2)**
**1014000 d) Geitum**
**1014010 Vöðvi**
**1014020 Fita**
**1014030 Lifur**
**1014040 Nýru**

**1014050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1014990 Annað (2)**
**1015000 e) Hestum**
**1015010 Vöðvi**
**1015020 Fita**
**1015030 Lifur**
**1015040 Nýru**
**1015050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1015990 Annað (2)**
**1016000 f) Alifuglum**
**1016010 Vöðvi**
**1016020 Fita**
**1016030 Lifur**
**1016050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1016990 Annað (2)**
**1017000 g) Öðrum öldum landdýrum**
**1017010 Vöðvi**
**1017020 Fita**
**1017030 Lifur**
**1017040 Nýru**
**1017050 Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)**
**1017990 Annað (2)**
**1020000 Mjólk**
**1020010 Nautgripir**
**1020020 Sauðfé**
**1020030 Geitur**
**1030000 Fuglsegg**
**1030010 Hænsni**
**1030020 Endur**
**1030030 Gæsir**
**1030040 Kornhænur**
**1030990 Annað (2)“**

2) Í stað færslnanna fyrir „kalsíumkarbónat ([1])“, „koltvísýring ([1])“ og „kalíumbíkarbónat ([1])“ í IV. viðauka koma „kalsíumkarbónat“, „koltvísýringur“ og „kalíumbíkarbónat“, eftir því sem við á.